

Nd.

865. Nefndarálit

[205. mál]

um frv. til l. um Seðlabanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað málið á fundum sínum, aflað um það umsagna frá viðskipta-bönkunum og Sambandi sparisjóða. Þá kvaddi nefndin á sinn fund Þórð Ólafsson, forstöðumann bankaeftirlits, Lúðvík Jósepsson, Stefán Pálsson bankastjóra, Val Valsson bankastjóra, Sigurð Markússon, framkvæmdastjóra sjávarafurðadeildar SÍS, Guðmund H. Garðarsson frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Hjört Hjartarson frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, Finn Geirsson og Árna Árnason frá Verslunarráði Íslands, Gunnar Helga Hálfðanarson frá Fjárfestingarfélaginu og Björn Líndal frá viðskiptaráðuneytinu.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Meiri hl. flytur breytingartillögu við 1. mgr. 8. gr. þar sem felld er niður heimild ráðherra til að ákveða með reglugerð hvað felist í orðinu *ráðstöfunarfé*. Þess í stað leggur meiri hl. til að orðið verði skýrt þannig í lögum að það taki til alls þess fjár sem innlánsstofnun hefur til útlána. Þar er auk innlána einkum um erlent lánsfé stofnunar að ræða, svo og fjáröflun innanlands með útgáfu og sölu verðbréfa og skuldabréfa. Meiri hl. nefndarinnar þykir þó ekki rétt að skylt verði að miða ætíð við þessa skilgreiningu og leggur því jafnframt til að heimilt verði að undanskilja tiltekna flokka útlána þegar og ef binding verður miðuð við ráðstöfunarfé. Er þá haft í huga að binding ráðstöfunarfjár trúfli ekki eðlilega fyrirgreiðslu banka og annarra innlánsstofnana við framleiðsluatvinnuvegina. Leggur nefndin áherslu á að þessa sjónarmiðs verði ævinlega gætt þegar binding ráðstöfunarfjár er ákveðin. Í þessu skyni hefur meiri hl. nefndarinnar talið rétt að ráðherra samþykki hverjir skuli vera þeir flokkar útlána sem undanþegnir skulu bindingu þegar binding á ráðstöfunarfé stendur fyrir dyrum.

Einnig leggur meiri hl. nefndarinnar til að áskilið verði samþykki ráðherra til þess að reglur um grundvöll og framkvæmd bindingar geti öðlast gildi. Er með þessari tillögu m.a.

stefnt að því að tryggja að sama féð verði ekki bundið tvisvar, svo sem þegar banki annast milligöngu fyrir annan banka um útvegum erlends lánsfjár.

Hvað varðar breytingu á 10. gr. verður að telja eðlilegt að Seðlabankinn geti að fengnu samþykki ráðherra bundið vaxtaákvæðanir innlánsstofnana takmörkunum. Ekki getur talist heppilegt að vaxtaákvæðanir hér á landi þróist í miklu ósamræmi við það sem gerist í helstu viðskiptalöndum okkar. Einnig verður að gæta þess að vaxtamunur inn- og útlána verði ekki óhæfilega mikill.

Síðast en ekki síst má nefna að ríkisstjórn kann að vera nauðsynlegt að geta haft bein áhrif á vaxtastig við undirbúning og framkvæmd alhliða efnahagsráðstafana.

Varðandi breytingar á 18. gr. þykir sjálfsagt að bankaráði viðskiptabanka, eða félagsstjórn sé um aðra innlánsstofnun að ræða, sé gerð grein fyrir kröfum, athugasemdum og fyrirhuguðum aðgerðum bankaeftirlitsins þegar í stað.

Þar sem enn þá hafa ekki verið sett sérstök lög um dráttarvexti er nauðsynlegt að lögfesta í seðlabankalögum ákvæði til bráðabirgða þar um.

Einnig er nauðsynlegt að setja ákvæði til bráðabirgða varðandi ákvörðun á greiðslu hagnaðar Seðlabankans í ríkissjóð á árinu 1986.

Alþingi, 15. apríl 1986.

Páll Pétursson,
form., frsm.

Ólafur G. Einarsson.

Halldór Blöndal.

Guðmundur H. Garðarsson.